

## AUGLÝSING

### um náttúruminjaskrá.

Í 34. gr. náttúruverndarlaga nr. 47, 16. apríl 1971, er mælt svo fyrir að ríkissjóður skuli eiga forkaupsrétt að jörðum eða jarðarhlutum, sem settir eru á náttúruminjaskrá, skv. 28. gr. sömu laga, að frágengnum þeim aðilum, sem forkaupsrétt eiga samkvæmt lögum nr. 40, 5. apríl 1948 (nú lög nr. 65, 31. maí 1976).

Samkvæmt náttúruminjaskrá, sem Náttúruverndarráð hefur gefið út 28. mars 1981, nær forkaupsréttur samkvæmt þessu til þeirra staða, sem hér verða greindir og út frá þeim röksemdum, sem tilgreindar eru um hvern stað um sig:

1. **Eldborgir undir Geitahlíð**, Grindavík. (1) Stóra- og Litla-Eldborg ásamt hrauntröðum og hrauni Stóru-Eldborgar norðan vegar. (2) Sérstæðar eldstöðvar frá nútíma. Stóra-Eldborg er af dæmigerðri eldborgargerð og á hún fáa sína líka. (3) Brýnt er að stöðva efnisnám í Litlu-Eldborg. Friðlýst sem náttúruvætti innan Reykjanesfólkvangs.
2. **Sprengigígasvæði við Krísuvík**, Hafnarfirði. (1) Grænavatn og Gestsstaðavatn ásamt s. k. Augum og öðrum sprengigígum. Hverir í nágrenni gíganna, Engjahver og Nýihver, ásamt hverasvæði við Seltún. (2) Merkilegt sprengigígasvæði. Gróskumikill vatnagróður í Augum. Grænavatn er um 300 m í þvermál og um 45 m djúpt. (3) Friðlýst sem náttúruvætti innan Reykjanesfólkvangs.
3. **Gígasvæði vestan í Vesturhálsi**, Vatnsleysustrandarhr., Gull., Grindavík. (1) Um 1 km breitt gígasvæði á vestanverðum hálsinum liggur frá Höskuldarvöllum suður á milli Oddafells og Trölladyngju til Selsvalla. (2) Mikið gígasvæði, a. m. k. 4 gígaradír og stórir, fallegir gjallgígar klæddir mosakápu, þ. á. m. Melhóll. Norðan við Selsvelli er Hverinn eini. Við Sogalækinn eru merkilegar selsrústir. (3) Æskilegt að gígarir og umhverfi þeirra verði sameinað Reykjanesfólkvangi.
4. **Drykkjarsteinn**, Grindavík. (1) Stakur hraunklettur í skarðinu milli Slögü og Langahryggs ofan Ísólfsskála. (2) Tengdur fornum sögnum um ferðir vermannanna til Grindavíkur. (3) Friðlýst sem náttúruvætti.
5. **Hraunsvík**, Grindavík. (1) Hraunsvík, austan Grindavíkur og Festarfjall. (2) Snotrir sjávarhamrar og brimrofin eldstöð, Festarfjall, fjölbreytt sjávarlíf. Vinsæll útivistar- og náttúruskoðunarstaður. (3) Landslagsvernd æskileg.
6. **Strandsvæði vestan Grindavíkur**, Grindavík. (1) Strandlengjan frá Litlubót vestur að Vörðunesi. (2) Fjölbreyttur strandgróður, fjölskrúðugt fuglalíf. Djúpar vatnsfylltar gjár, snotur hraunkantur með sjávertjörnum. (3) Verndun landslags og lífríkis æskileg.

7. **Reykjanestá og umhverfi**, Hafnahr., Gull., Grindavík. (1) Svæðið afmarkast af ströndinni frá Lendingarmel norðan Stóru-Sandvíkur suður fyrir Reykjanestá og þaðan austur á móts við Mölvík, síðan um Sýrfell með norðurjaðri Stampahrauns yngra til sjávar. (2) Sjávarhamrar með fuglalífi, sérkennileg volg sjávertjörn, allmikið hverasvæði og snotrar gígaraddir, Stampar. Vinsælt útivistarsvæði. (3) Æskilegt að fyrirhuguð mannvirkjagerð og iðnrekstur á svæðinu falli vel að umhverfi og að náttúruverðmætum sé hlíft.
8. **Ósar**, Hafnahr., Miðneshr., Gull. (1) Fjörðurinn með fjörum frá Höfnum norður að Þórshöfn. (2) Grunnsævi með sérstæðu og gróskumiklu botndýralífi. Fjölbreyttar fjörur. Vetrarstöðvar ýmissa fuglategunda. (3) Forðast ber röskun á lífríki fjarðarins.
9. **Fjörur á Garðskaga**, Miðneshr., Gull. (1) Fjörur og sjávarfitjar frá Hvalsnesi að Útskálum. (2) Fjölbreyttur strandgróður og margs konar fjörur. Lífaudugar sjávar-tjarnir. Mikið fuglalíf. (3) Verndun landslags og lífríkis æskileg.
10. **Látrar við Hvassahraun**, Vatnsleysustrandarhr., Gull. (1) Ströndin frá Fögruvík að Stekkjarnesi ásamt landsvæði skammt suður fyrir Þjóðveginn. (2) Sérstætt umhverfi með miklu og óvenju fjölskrúðugu fjörulífi og gróðri. Sjávertjarnir með mismikilli seltu. (3) Friðlýsing æskileg í þágu rannsókna, fræðslu og útivistar.
11. **Straumsvík**, Hafnarfirði. (1) Tjarnir við innanverða Straumsvík og innsti hluti víkurinnar. (2) Ferskar og ísaltar tjarnir í fallegu umhverfi, allmikið fuglalíf. (3) Vernd æskileg gegn frekari röskun.
12. **Hvaleyrarlón**, Hafnarfirði. (1) Hvaleyrarlón og nálæg strandlengja. (2) Leirur. Mjög mikil umferð vaðfugla. (3) Æskilegt er að vernda hinn óspillta hluta lónsins vegna fuglalífs.
13. **Hamarinn**, Hafnarfirði. (1) Hamarinn ofan við miðbæ Hafnarfjarðar. (2) Svipmikil klettaborg í miðjum bæ. Fallegt útsýni. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
14. **Urriðakotsvatn**, Garðabæ. (1) Urriðakotsvatn ásamt hraunræmu norðan vatnsins og mýrlendi sunnan þess. (2) Mýrlendi og gróðurmikið vatn. Auðugt lífríki við þéttbýli. (3) Friðlýsing æskileg.
15. **Búrfell og Búrfellsgjá**, Garðabæ. (1) Búrfell og hrauntröðin ásamt næsta nágrenni. (2) Eldstöð frá nútíma. Ein sérstæðasta hrauntröð landsins. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti innan Reykjanefólkvangs.
16. **Tröllabörn við Lækjarbotna**, Kópavogi. (1) Tröllabörn og hraunið næst þeim. (2) Mjög fallegar og reglulegar hraunkúpur. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
17. **Bessastaðanes og fjörur á Álftanesi**, Bessastaðahr., Gull., Garðabæ, Hafnarfirði. (1) Strandlengjan frá Bala í Hafnarfirði að Kársnesi í Kópavogi. Bessastaðanes og allar tjarnir. (2) Fjölbreyttar fjörur og grunnsævi með auðugu lífríki. Vinsælt útivistarsvæði. (3) Friðlýsing æskileg.
18. **Fossvogsbakkar**, Reykjavík. (1) Strandlengja og fjörur í innanverðum Fossvogi. (2) Setlög með skeljum frá síðasta hlýskeyði ísaldar. Leirur með fjölbreyttu lífi. (3) Friðlýsing æskileg.

19. **Öskjuhlíð**, Reykjavík. (1) Öskjuhlíð milli Hafnarfjarðarvegur, Hlíðarfótar og Heyrnleysingjaskóla. (2) Vinsæll og fjölsóttur útsýnisstaður og útivistarsvæði. Minjar um hæstu sjávarstöðu frá ísaldarlokom. (3) Stofnun fólkvangis æskileg.
20. **Tjörnin og Vatnsmýrin**, Reykjavík. (1) Tjarnirnar allar með hólum og bökkum. Vatnsmýrin milli Hringbrautar, Norræna hússins og Háskólavallar. (2) Vinsælt útivistarsvæði. Mikið fuglalíf og varpland í miðri borg. (3) Varast ber að raska vatns- og næringarefnabúskap Tjarnarinnar með framkvæmdum á vatnasviði hennar. Vernda ber fuglalíf, m. a. með takmörkun á umferð um Vatnsmýrina um varptímann.
21. **Valhúsahæð, Seltjarnarnesi**. (1) Kollur Valhúsahæðar ofan Skjólbrautar og Stranda. (2) Útsýnishæð í þéttbýli. (3) Landslagsvernd æskileg.
22. **Seltjarnarnesfjörur og Suðurnes**, Seltjarnarnesi. (1) Fjörur kringum nesið frá Bakka að Bygggarði. Suðurnes allt, Kotagrandi, Bakkagrandi og Bakkatjörn. (2) Fjölbreyttar fjörur og strandgróður ásamt sjávartjörnum. Ríkulegt fuglalíf. Vinsælt útivistarsvæði. (3) Landslagsvernd æskileg.
23. **Laugarnes**, Reykjavík. (1) Vesturhorn Laugarness. (2) Öröskuð strandlengja með sérkennilegum klettamyndunum. Vinsæll útsýnisstaður. (3) Verndun landslags æskileg.
24. **Laugarás**, Reykjavík. (1) Kollur Laugaráss. (2) Holt með jökulsorfnum grágrýtis-klöppum. Útsýnisstaður í þéttbýli. (3) Unnið er að friðlýsingu.
25. **Háubakkar**, Reykjavík. (1) Háubakkar við innanverðan Elliðaárvog að vestan. (2) Setlagaopna með steingerðum skeljum og frjókornum, sem bendir til myndunar á næstsíðasta hlýskeyði. (3) Friðlýst sem náttúruvætti.
26. **Grafarvogur**, Reykjavík. (1) Leirur í Grafarvogi. (2) Mikilvægur viðkomustaður farfugla. (3) Vernd lífríkis æskileg.
27. **Viðey**, Reykjavík. (1) Öll Viðey. (2) Lítt snortin, vel gróin eyja með fjölbreyttu landslagi í nánd við þéttbýli. Vinsælt útivistarsvæði. Söguminjar. (3) Landslagsvernd æskileg.
28. **Eyjar í Kollafirði**, Seltjarnarnes, Kjalarneshr., Kjós. (1) Þerney, Lundey, Engey og Akurey. (2) Lágur, grónar eyjar í næsta nágrenni við þéttbýli. Varpstöðvar allmargra fuglategunda. (3) Vernda ber fuglalíf, m. a. með takmörkun á umferð um varptímann.
29. **Leiruvogur og Varmá**, Mosfellsshr., Kjós. (1) Óshólmar Leirvogsár, strandlengja, fjörur og grunnsævi út að Geldinganesi að sunnan og Gunnunesi að norðan. Varmá með bökkum. (2) Fjölbreytilegur strandgróður, fjörur og mikið fuglalíf. Fundarstaður fágætra plöntutegunda. Varmá hefur mikið visindalegt gildi. (3) Friðlýsing æskileg. Hluti svæðisins er þegar friðlýstur (Friðland við Varmárósa).
30. **Tröllafoss**, Mosfellsshr., Kjalarneshr., Kjós. (1) Tröllafoss í Leirvogsá ásamt nánasta umhverfi. (2) Snotur foss í fallettu gljúfri á vinsælli gönguleið. (3) Friðlýst sem náttúruvætti.
31. **Laxárvogur**, Kjósarhr., Kjós. (1) Vogurinn frá ósi Laxár út að línu milli Hálsness og Eyrar. (2) Grunnsævi og víðáttumiklar leirur með fjölbreyttu dýralífi og gróðri. (3) Fyrirbyggja verður röskun á lífríki vogsins.

32. **Brynjudalur og Botnsdalur**, Kjósarhr., Kjós, Hvalfjarðarstrandarhr., Borg. (1) Svæðið tekur yfir Brynjudal og Botnsdal allt upp fyrir Hvalvatn, fjörur og leirur. Lönd Litla- og Stórabotns, Hrisakots, Ingunnarstaða, Þrándarstaða og Skorhaga. (2) Fagrir dalir, töluverður kjarrgróður. Hæsti foss landsins, Glymur, er í Botnsá. Fjörur og leirur mjög lífauðugar. Mikið fuglalíf. (3) Forðast ber röskun lífríkis og landslags.
33. **Leirárvogur**, Borg. (1) Grunnsævi og leirur frá ósum Leiráir að Sléttunesi og Hvítanesi. (2) Víðáttumiklar lífríkar leirur með auðugu smádýralífi. Mikið af vaðfuglum. (3) Forðast ber aðgerðir er breytt geta lífsskilyrðum í vöginum.
34. **Reykjadalsá**, Reykholtisdalshr., Borg. (1) Reykjadal frá Velli (Árhver) að mótum árinna við Hvítá. (2) Lygn og gróðurmikil á, sem helst auð að vetrinum vegna frárennslis hvera. Vetrarstöðvar andfugla. Svigðumyndun árinna er óvenju falleg. (3) Forðast ber mengun, breytingar á hitastigi og landslagsspjöll.
35. **Jarðhitasvæði í Deildartungu**, Reykholtisdalshr., Borg. (1) Hvera- og laugasvæði, sem nær frá Kársnesi norður fyrir Deildartunguhver. Tilheyrir landi Deildartungu. (2) Samfellt jarðhitakerfi með hverum, laugum og lindum. Deildartunguhver er vatns- mestri hver landsins. Athyglisverður gróður og dýralíf. (3) Æskilegt að fyrirhuguð mannvirkjagerð á svæðinu falli vel að umhverfi sínu og náttúruverðmætum sé hlíft.
36. **Vellir (Árhver)**, Reykholtisdalshr., Borg. (1) Hverinn og nánasta umhverfi. Er á jarðamörkum Sturlureykja og Kjalvararstaða. (2) Goshver í miðri Reykjadal. Einn af fáum ósködduðum hverum í Borgarfirði. (3) Nauðsynlegt er að fyrirbyggja röskun á hvernnum, og er friðlýsing hans í undirbúningi.
37. **Sudda**, Reykholtisdalshr., Borg. (1) Laug norðan við eyðibýlið Suddu og nágrenni hennar. (2) Laug í miklum dýjum. Óvenju fjölskrúðugt dýralíf. Ein af fáum ósködduðum laugum í Borgarfirði. (3) Friðlýst sem náttúruvætti.
38. **Hægindakotshver**, Reykholtisdalshr., Borg. (1) Hver við bæinn Hægindi. (2) Hver í alfaraleið, dýralíf allfjölbreytt. Nýttur til upphitunar íbúðarhúss en er þó óskemmdur. (3) Forðast ber röskun á hvernnum.
39. **Húsafell**, Hálsahr., Borg. (1) Jörðin Húsafell. (2) Tilkomumikið, fjölbreytt landslag, víðlendur skógur. Laugar og lindir. Vinsælt útivistarsvæði. (3) Þegar friðað að nokkru á vegum landeigenda, Skógræktar ríkisins og Náttúruverndarráðs (Friðland í Húsafellsskógi). Landslagsvernd æskileg.
40. **Borgarfjörður utanverður**, Borg., Mýr. (1) Ytri hluti Borgarfjarðar við Faxaflóa frá línu milli Rauðaness og Straumeyrar, suður að Belgsholtshólma í Melasveit og vestur um Þormóðssker að Álfanesi á Mýrum. (2) Grunnsævisvæði, sem hefur afar mikla þýðingu fyrir æðarfugl seinni hluta sumars. (3) Gæta þarf ýtrustu varkárni í meðferð mengandi efna á firðinum og nærliggjandi svæðum.
41. **Langárós**, Borgarhr., Álfaneshr., Mýr. (1) Langárós frá Skuggafossi og Landdeildarhöfða. (2) Einn lengsti og frjósamasti áros landsins. Víðáttumiklar leirur og fitjar með miklu fuglalífi. (3) Forðast ber röskun lífríkis.
42. **Borgarvogur**, Borgarneshr., Mýr. (1) Leirur og fitjar í Borgarvogi norðan Borgarness. (2) Leirusvæði með miklu fuglalífi í næsta nágrenni kaupstaðar. (3) Æskilegt er að tryggja óheft sjávarföll í vöginum og koma í veg fyrir mengun og annað sem rýrt getur umhverfið.

43. **Barnafoss-Hraunfossar**, Hálsahr., Borg., Hvítársíðuhr., Mýr. (1) Fossarnir svo og nánasta nágrenni þeirri í löndum Gilsbakka og Hraunsáss. (2) Hraunfossar spretta fram úr hrauninu í norðurbakka Hvítár á alllögum kafla neðan við Barnafoss. Mjög sérkennilegir og fagrir fossar. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
44. **Hellar í Hallmundarhrauni**, Hvítársíðuhr., Mýr. (1) Surtshellir, Stefánshellir og Víðgelmir, svo og hraunið hið næsta þeim, Kalmanstungu. (2) Stórir hraunhellar. Surtshellir er stærstur og nafntogaðastur íslenskra hella. (3) Fyrirbyggja þarf bílaumferð á hellisþökunum, svo og annað er getur valdið raski.
45. **Grábrókarhraun og Hreðavatn**, Norðurárdalshr., Mýr. (1) Grábrókarhraun og svæði umhverfis Hreðavatn, tilheyrir Brekku og Hreðavatni. (2) Fagurt umhverfi, enda fjölsótt útivistarsvæði. Grábrókargígur eru friðlýst náttúruvætti. (3) Landslags- og gróðurvernd æskileg og að tryggð sé óheft för gangandi fólks.
46. **Ferjubakkafloói — Hólmavað**, Borgarhr., Stafholtstungnahr., Mýr. (1) Ferjubakkafloói við Eskiholt, Hóp, neðanverð Gljúfurá og Norðurá með bökkum, Ystatunga sunnan Sólheimatungu. (2) Víðáttumiklir flóar og flæðilönd, gróðursæl síki og lygnar ár. Einn mikilvægasti viðkomustaður andfugla hérlendis. (3) Æskilegt er, að flóarnir verði ekki ræstir fram.
47. **Hjörsey — Straumfjörður**, Álftaneshr., Hraunhr., Mýr. (1) Hjörsey, Hjörseyjarsandur, grunnsævi, fjörur og eyjar að Straumfirði. (2) Leirur og leðjufjörur með miklum gróðri og dýralífi, mikið ber á marhálmi á grunnsævi, mýrlendi og sjávarljarnir. Mikilvægt svæði fyrir fuglalíf. (3) Forðast ber röskun á lífríki.
48. **Löngufjörur**, Mýr., Hnapp. (1) Strandlengjan frá Ökrum í Hraunhr., Mýr., að Sauratjörn í Miklaholtshr., Hnapp. Svæðið nær yfir Hvalseyjar, Akranes, Akraós, Hítarnes, Kaldárós, Melabakka, Löngufjörur, Skógarnes, Tjaldurseyjar, Laxárbakkafloá, Glámsflóa og Sauratjörn. (2) Grunnsævi, víðáttumiklar leirur og sandfjörur. Mörg sker og eyjar. Blautir brokflóar. Mjög mikilvægt svæði fyrir fuglalíf, einkum æðarfugl. (3) Vernd landslags og lífríkis æskileg.
49. **Gerðuberg**, Eyjahr., Hnapp. (1) Stuðlaberg suðvestur af Ytri-Rauðamel. (2) Snoturt stuðlað hraunlag og gróskumiklar blómabrekkur. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
50. **Gullborg og Gullborgarhellar**, Kolbeinsstaðahr., Hnapp. (1) Gullborg ásamt hrauni, sem í eru Borgarhellir, Vegghellir, Flórhellir, auk tveggja nafnlausra hella. Í landi Syðri-Rauðamels, Heggstaða og Hraunholta. (2) Gígur og sérkennilegir hraunhellar með töluverðum dropsteinsmyndunum. (3) Friðlýsing æskileg.
51. **Rauðamelsölkelda**, Eyjahr., Hnapp. (1) Ölkeldan og næsta nágrenni hennar. (2) Ein af merkari ölkeldum á landinu. (3) Forðast ber röskun á ölkeldunni og nágrenni hennar.
52. **Ölkelda**, Staðarsveit, Snæf. (1) Ölkelda við samnefndan bæ í Staðarsveit. (2) Ósnortin, snotur ölkelda. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
53. **Tjörn við Ytri-Garða**, Staðarsveit, Snæf. (1) Tjörnin og votlendi við hana sunnan við bæinn. (2) Mikill gróður er í tjörninni og umhverfis hana, og finnast þar sjaldgæfar plöntutegundir. Auðugt dýralíf. (3) Æskilegt að tjörnin fái að haldast í núverandi mynd.

54. **Lýsuhóll**, Staðarsveit, Snæf. (1) Hallamýri, laug og kalkútfellingar við Lýsuhól. (2) Óvenjulegt gróðurfar, sjaldgæfar plöntur og sérstæð kalkútfelling við laugina. (3) Friðlýsing æskileg.
55. **Undir Jökli**, Breiðuvíkurrh., Snæf. (1) Lönd allmargra býla vestan Snæfellsjökuls frá Skarðsvík að norðan að Dagverðará að sunnan. (2) Mjög fjölbreytilegt landslag við rætur tignarlegs eldfjalls. (3) Undirbúningur er hafinn að friðlýsingu svæðisins.
56. **Kerlingarfoss**, Neshr., Snæf. (1) Kerlingarfoss suðaustur af Ingjaldshóli og umgjörð hans. (2) Hár og vatnsmikill foss með stuðlabergspili til beggja handa. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
57. **Búlandshöfði**, Fróðárh., Eyrarsveit, Snæf. (1) Setlög í Búlandshöfða. (2) Af jarðlögum þessum varð fyrst ráðið, að ísöldin var ekki samfelldur fimbulvetur. Töluvert er þar af steingerðum skeljum. (3) Forðast ber að raska þessum jarðlögum.
58. **Stöð (Brimlárhöfði)**, Eyrarsveit, Snæf. (1) Setlög í austurhlíð fjallsins. (2) Setlög með skeljum og blaðförum, sem myndast hafa á hlýskeyði á ísöld. (3) Forðast ber hverskonar rask.
59. **Kvernárkampur**, Eyrarsveit, Snæf. (1) Kvernárkampur (Grundarkampur) fyrir botni Grundarfjarðar. (2) Fallegur malarkampur, hindrar landbrot í landareign Kvernár. (3) Æskilegt að efnistaka spilli ekki heildarsvip kamsins.
60. **Berserkjahraun, Hraunsfjörður og nálæg vötn**, Helgafellssveit, Snæf. (1) Berserkjahraun og Hraunsfjörður ásamt Hraunsfjarðarvatni, Baulárvallavatni, Selsvatni og Hraunsholtsvatni. (2) Stórbrotið apalhraun með gíghólum og söguminjum, Berserkjagötu og Berserkjadys. Veiðivötn. Svæðið er í heild kjörið til útivistar. (3) Landslags- og gróðurvernd æskileg. Efnistöku úr gíghólum í hrauninu þarf að binda við ákveðna staði.
61. **Helgafell**, Helgafellssveit, Snæf. (1) Fellið og nánasta umhverfi. (2) Sérkennilegt klettaholt, stuðluð gosrásarfylling. Fagurt útsýni og fjölbreyttur gróður í hlíðum. Söguhelgi. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
62. **Fjörur í Álftafirði, Vigrafirði og Hofsstaðavogi**, Helgafellssveit, Skógarstrandarhr., Snæf. (1) Fjörur og grunnsævi í Álftafirði og Vigrafirði á móts við Helgafellseyjar og í Hofsstaðavogi út að Jónsnesi og Kóngsbakka. (2) Miklar og frjósamar leirur og þangfjörur. Mikil umferð farfugla. (3) Forðast ber röskun lífríkis.
63. **Breiðafjarðareyjar**, Snæf., Dal., A.- og V.-Barð. (1) Eyjar allar, hólmar og sker á Breiðafirði. (2) Miklar fuglabyggðir, selalátur, auðugar fjörur. (3) Æskilegt að settar séu reglur um Breiðafjörð með tilliti til sérstöðu hans og gildis, bæði frá náttúrufræðilegu sjónarmiði, búsetu og hlunninda.
64. **Saltadý**, Haukadalsrh., Dal. (1) Saltadý í landi Hamra í Haukadal og umhverfi þess. (2) Sölt laug og óvenjulegt gróðurfar, sjávarfitjungar inni í landi. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
65. **Tungustapi**, Hvammshr., Dal. (1) Stapi fyrir miðjum Sælingsdal, milli Gerðis og Sælingsdalstungu. (2) Áberandi einkenni í landi og vætti í íslenskum þjóðsögum. (3) Forðast ber hverskonar rask á stapanum og næsta nágrenni hans.

66. **Ásmóðarey**, Skarðshr., Dal. (1) Ásmóðarey, ásamt Svartbakaskeri um 5 km út af Skarðsströnd. (2) Eyjar með fjölskrúðugu fuglalífi. (3) Friðlýsing æskileg.
67. **Skeljaleifar í Kaldrana**, Saurbæjarhr., Dal. (1) Fundarstaðir skeljaleifa í Kaldrana og á ströndinni austur að Holtahlíð í Saurbæ. (2) Sjávarsetlög með skeljaleifum frá lokum ísaldar. Einn af fáum fundarstöðum jökultoddu hér á landi. (3) Æskilegt að sem minnst verði hróflað við þessum jarðlögum.
68. **Borgarland**, Reykhólshr., A.-Barð. (1) Nesið milli Króksfjarðar og Berufjarðar í landi Borgar, Hafrafells, Klukkufells, Mýrartungu og Hríshóls. (2) Sérkennilegt og fagurt landslag. Tjarnir og mýrar með miklu fuglalífi. (3) Landslagsvernd æskileg.
69. **Fjörur í Berufirði**, Reykhólshr., A.-Barð. (1) Fjörur í Berufirði öllum út að Bjartmarssteini að austan og Börmum að vestan. (2) Miklar leirur og þangfjörur með löndum. Leirurnar eru meðal hinna lífmestu við norðanverðan Breiðafjörð. (3) Æskilegt er að stefna að varðveislu Berufjarðar í núverandi mynd.
70. **Norðurströnd Þorskafjarðar**, Gufudalshr., A.-Barð. (1) Fjörur, fitjar og sjávertjarnir við norðurströnd Þorskafjarðar milli Teigsskóga og Hallsteinsness. (2) Miklar fjörur og fjölbreytt landslag. Ofan strandar tekur við skógur. Svæðið er mjög gott sýnishorn af þeirri landslagsgerð, þar sem skiptast á þangivaxnir klettagangar og leirur. (3) Vernd landslags og lífríkis æskileg.
71. **Fjörur í Djúpafirði**, Gufudalshr., A.-Barð. (1) Fjörur í Djúpafirði öllum út að Grónesi og Hallsteinsnesi. (2) Mjög víðlendar, fjölbreytilegar og lífauðugar fjörur með miklu fuglalífi. (3) Forðast ber röskun lífríkis.
72. **Kjálkafjörður, Kerlingarfjörður og Skálmarnes**, Múlahr., A.-Barð., Barðastr.hr., V.-Barð. (1) Svæðið milli Hjarðarness og Vattarfjarðar. Að norðan liggja mörkin um Þingmannaheiði. (2) Ríkulegt gróðurfar með skóglendi í fjörðum og fuglabjarg í Múlanesi. (3) Æskilegt að landslag og lífríki njóti verndar.
73. **Oddbjarnarsker**, Flateyjarhr., A.-Barð. (1) Lítil eyja um 11 km VSV af Flatey. (2) Sérstætt landslag, jarðhiti, auðugt lífríki og minjar um horfna útgerð. (3) Friðlýsing æskileg.
74. **Sauðeyjar**, Barðastrandarhr., V.-Barð. (1) Eyjaklasi undan Vatnsfirði, í eigu Haga. (2) Fagrar og sérstæðar eyjar, bæði hvað varðar landslag og lífríki. (3) Friðlýsing æskileg.
75. **Bæjarvaðall**, Rauðasandshr., V.-Barð. (1) Leirur í Bæjarvaðli, Rif og Melanesrif. (2) Víðáttumiklar, sléttar, rauðleitir skeljasandsfjörur með fjölbreyttu dýralífi. (3) Vernd landslags og lífríkis æskileg.
76. **Látrabjarg**, Rauðasandshr., V.-Barð. (1) Sjávarbjörgin frá Bjargtöngum allt austur að Brimnesi, svo og landspilda ofan þeirra. (2) Há, þverhnipt björg. Mesta fuglabjarg við Norður-Atlantshaf. (3) Forðast ber hverskonar röskun í bjarginu eða við það.
77. **Þórislíðarfjall**, Ketildalshr., V.-Barð. (1) Jarðlög með blaðförum í Þórislíðarfjalli við Selárdal. (2) Einna elstu minjar um gróðurfar hérlendis. (3) Forðast ber hverskonar rask og brottflutning steingervinga.

78. **Geirþjófsfjörður**, Suðurfjarðarhr., V.-Barð. (1) Geirþjófsfjörður austan Krosseyrar-tanga og Ófæruneess. Að norðan ráða sýslumörk, að suðaustan hreppamörk og vatna-skil að sunnan. (2) Fjölbreytt og fagurt landslag, ríkulegur gróður og skóglendi. Frægar söguslóðir. (3) Gróður- og landslagsvernd æskileg.
79. **Holtsengi og Vöð**, Önundarfirði, V.-Ís. (1) Innsti hluti Önundarfjarðar, fyrir innan Holtsodda, ásamt mýrlendi milli Þórustaða og Bjarnardalsóss. (2) Fjölbreytilegt landslag og lífríki. (3) Landslagsvernd æskileg.
80. **Botn í Súgandafirði**, Suðureyrarhr., V.-Ís. (1) Ysti hluti Botnslands inn að Gyltu-skarði, ásamt hlíðum. (2) Sérstætt gróðurfár, vöxtulegur birkiskógur. Fundarstaður surtarbrands og annarra plöntuleifa. Meðal elstu minja um gróðurfár hérlendis. (3) Forðast ber töku surtarbrands og steingervinga. Stofnun fólkvangs æskileg.
81. **Seljalandsdalur og Tungudalur**, Skutulsfirði, N.-Ís. (1) Dalirnir frá eggjum Eyrarfjalls, að hreppamörkum á Botnsheiði, um Austmannafall og Hnifa yfir Tunguá við Tungu-skóg og þaðan á Skíðaveg. (2) Fjölbreytt landslag, skógur, gil, ár og fossar. Ákjósan-legt útivistarsvæði. (3) Stofnun fólkvangs er í undirbúningi.
82. **Arnarnes**, N.-Ís. (1) Ströndin við Arnarnes frá Stóra-Bás í Skutulsfirði, fyrir nesið um Vébarnareyri inn fyrir Arnarneshamar. (2) Sérkennileg klettaströnd, lífauðug fjara og mikið fuglalíf. Leifar gamalla verbúða. (3) Vernd landslags og lífríkis æskileg.
83. **Botn Ísafjarðar**, Reykjarfjarðarhr., N.-Ís. (1) Dalbotninn vestan hreppamarka upp að efstu klettabrúnum, frá Hestakleif suður á móts við Torfadál. (2) Gróskumiklar brekkur. Einn helsti vaxtarstaður þyrnirósar hér á landi. (3) Gróðurvernd æskileg.
84. **Reykjanes við Ísafjörð**, Reykjarfjarðarhr., N.-Ís. (1) Allt nesið norðan Rauðagarðs. (2) Eitt mesta hverasvæði á Vestfjörðum. Sérkennilegar sjávarrofsmyndanir og fjöl-skrúðugt fuglalíf. Sögulegar minjar. (3) Landslagsvernd æskileg.
85. **Kaldalón**, Snæfjallahr., N.-Ís. (1) Allt undirlendið norðan akvegur með hlíðum upp að fjallsbrúnum. (2) Fjölbreytt og mikilfenglegt landslag. Ýmsar berggerðir, jökulgarðar, óshólmar, leirur og surtarbrandur. Fjölskrúðugur gróður og dýralíf. (3) Friðlýsing æskileg.
86. **Suðausturhluti Grunnavíkurhrepps**, N.-Ís. (1) Svæðið sunnan Skorarheiðar að mörk-um hins forna Grunnavíkurhrepps frá Geirólfsnúp að vesturjaðri Drangajökuls. Að vestan ræður jökuljaðar og síðan Jökulsá til sjávar í Leirufirði. (2) Hrikaleg fjöll og sérstæð náttúrufegurð ásamt fjölskrúðugu lífi. (3) Í athugun er að friðlýsa þetta svæði og stækka þannig Hornstrandafriðland.
87. **Tröllatunga**, Kirkjubólsh., Strand. (1) Steingervinalög við Grýlufoss í Tröllatungu við Steingrímsfjörð. (2) Fundarstaður steingerðra plantna frá tertíer. (3) Friðlýst sem náttúruvætti.
88. **Húsavíkurkleif**, Kirkjubólsh., Strand. (1) Opna í millilag í blágrýtismyndun rétt við þjóðveginn nærri bænum Húsavík. (2) Einn helsti fundarstaður tertíersteingervinga hér á landi. (3) Friðlýst sem náttúruvætti.

89. **Mókollsdalur**, Óspakseyrarhr., Strand. (1) Steingervingalög í Mókollsdal og Hrutágili í landi Prúðardals. (2) Fundarstaður steingerðra plantna og skordýra frá tertíer. (3) Forðast ber hverskonar rask og brottflutning steingervinga.
90. **Nákuðungslögin við Bæ í Hrútafirði**, Bæjarhr., Strand. (1) Malarkambur við Bæjará niður af Bæ. (2) Fundarstaður nákuðungs og annarra skeljaleifa frá nútíma. Lögin bera vitni um hærri sjávarstöðu fyrir 4—5000 árum. (3) Friðlýst sem náttúruvætti.
91. **Hindisvík**, Þverárhr., V.-Hún. (1) Jörðin Hindisvík á Vatnsnesi. (2) Fjölbreytilegt strandlandslag. Eitt mesta selalátur á Norðurlandi. (3) Nauðsynlegt er að viðhalda þeirri vernd, sem eigendur hafa veitt þessu svæði.
92. **Hvítserkur**, Þverárhr., V.-Hún. (1) Hvítserkur og næsta umhverfi. (2) Sérkennilegur berggangur í sjó. (3) Friðlýst sem náttúruvætti.
93. **Björg**, Þverárhr., V.-Hún. (1) Svæðið milli Vesturhópsvatns og Sigríðarstaðavatns að vestan og Hóps og Víðidalsár að austan. Tilheyir jörðunum Litlu- og Stóru-Borg, Ásbjarnarnesi, Vatnsenda, Þorfinnsstöðum og Sigríðarstöðum. (2) Fjölbreytt og fagurt landslag, björg, stöðuvötn, sandar og mýrlendi. Athyglisverðar jarðmyndanir og fornminjar, svo sem Borgarvirki. (3) Friðlýsing æskileg.
94. **Kerafossar**, Þorkelshólshr., V.-Hún. (1) Fossar og árrofsmyndanir í Fitjaá í Víðidal. (2) Friðir fossar og flúðir. Skessukatlamyndanir. (3) Forðast ber breytingar á vatnasviði árinna.
95. **Kolugil**, Þorkelshólshr., V.-Hún. (1) Gljúfur og fossar í Víðidalsá, Víðidal. (2) Þröngt og djúpt gljúfur víða gróðurrikt með fallegum fossum, Kolugilsfossom. Efsti fossinn er meðal stærstu fossa Húnaþings. (3) Friðlýst sem náttúruvætti.
96. **Bakkabrúnir**, Víðidal, Þorkelshólshr., V.-Hún. (1) Setlagaopna í landi Bakka og nánasta umhverfi. (2) Þykkt setlag með steingervingum frá einu af hlýskeyðum ísaldar. Mikilvægt svæði fyrir jarðfræðirannsóknir. (3) Forðast ber röskun á jarðmyndunum.
97. **Fossar í Vatnsdalsá og Friðmundará**, Áshr., A.-Hún. (1) Fossarnir Skínandi, Kerafoss, Rjúkandi og Skessufoss, í Vatnsdalsá vestur af Bótarfelli og Bótarfoss í Friðmundará. (2) Sérkennilegir og fagrir fossar í hrikalegum gljúfrum. Surtarbrandur. (3) Friðlýst sem náttúruvætti.
98. **Vatnsdalshólar**, Sveinsstaðahr., A.-Hún. (1) Hólarnir vestan Hnausakvíslar og Flóðsins milli þjóðveggar og Þórdísarlækjar í löndum Sveinsstaða og Vatnsdalshóla. (2) Ótölu- legur fjöldi framhlaupshóla auk flæðiengja og nokkurra tjarna. (3) Friðlýsing æskileg.
99. **Eylendið**, Sveinsstaðahr., Torfalækjarhr., A.-Hún. (1) Húnaós, Húnavatn, Hnausakvísl með bökkum, flæðimýrar frá Giljáreyrum suður undir Hnausa, Flóðið og óshólmar Vatnsdalsár í Vatnsdal. (2) Flæðimýrar með fjölbreyttu lífi. (3) Stofnun friðlands æskileg.
100. **Kálfshamarsvík á Skaga**, Skagahr., A.-Hún. (1) Nesin Framnes og Kálfshamarsnes, ásamt strandlengju Kálfshamarsvíkur suður fyrir Kálfshamar. (2) Sérkennileg sjávarströnd með fjölbreyttum stuðlabergsmyndunum. Inn af víkinni er lón með varphólma. (3) Forðast ber rask á jarðmyndunum.

101. **Blöndugil og Rugludalur**, Auðkúluheiði, A.-Hún. (1) Árgljúfur Blöndu frá Galta-bólstungu niður undir Þröm ásamt Rugludal. (2) Hrikalegt gljúfur með gróðursælum hvömmum og birkikjarri. (3) Vernd landslags og lífríkis æskileg.
102. **Eyjavatn og Friðmundarvatn vestara**, Auðkúluheiði, A.-Hún. (1) Vötnin ásamt hólmu og nánasta umhverfi. (2) Grunn stöðuvötn, óvenjumikið fuglalíf og gróskumikill gróður í eyjum. (3) Vernd lífríkis æskileg.
103. **Botn Hofsárdals**, Skag. (1) Innsti hluti Hofsárdals (Vesturdals) innan Miðmundargils og gljúfrið inn af honum. (2) Sérkennilega gróðursæll dalur, umgirtur hömrum og snarbröttum hlíðum. Fagrir fossar í Fossá. Umhverfi Hraunþúfuklausturs. (3) Landslagsvernd æskileg.
104. **Kotagil og Skeljungssteinn**, Akrahr., Skag. (1) Kotagil og Skeljungssteinn, sem stendur stakur allangt vestan þess. Gilið er á mörkum Silfrastaða og Ytri-Kota. (2) Hrikalegt, djúpt árgljúfur. Í hraunlagi, sem þar kemur í ljós, svo og Skeljungssteini, eru för eftir trjáboli. (3) Friðlýsing er í undirbúningi.
105. **Austara-Eylendið**, Rípurhr., Viðvíkurhr., Skag. (1) Garðsvatr, Garðsengi, Ásvatn og mýrlendi austur af Ríp. Hrísey, Úlfsnes og fleiri eyjar í Austari-Héraðsvötnum. (2) Fjölbreytt fuglalíf og gróður. (3) Friðlýsing æskileg og hefting sandfoks við ósa Austari-Héraðsvatna.
106. **Ketubjörg á Skaga**, Skefilsstaðahr., Skag. (1) Strandlengjan frá Ketukögri suður á móts við eyðibýlið Kleif. (2) Tilkomumikil sjávarbjörg, drangar og gatklettar, leifar af eldstöð frá kvarter. (3) Vernd landslags æskileg.
107. **Drangey**, Skag. (1) Drangey ásamt Kerlingu og næsta nágrenni. (2) Há, þverhnipt klettaeyja með miklum fuglabjörgum og gróskumiklum gróðri. (3) Vernd landslags og lífríkis æskileg.
108. **Höfðavatn og Þórðarhöfði**, Hofshr., Skag. (1) Höfðavatn og Þórðarhöfði við austanverðan Skagafjörð. (2) Stöðuvatn við sjó, seltuáhrif. Fjölbreytt og auðugt lífríki. (3) Vernd lífríkis æskileg.
109. **Reykjarhóll á Bökkum**, Haganeshr., Skag. (1) Hóll í landi Reykjarhóls og nánasta umhverfi. (2) Sérkennilegur, stakur, keilulaga jökulbergshóll með laug í kollinum. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
110. **Hraunsvatn og umhverfi**, Öxnadalshr., Eyf. (1) Hraunsvatn, Vatnsdalur, Háafjall, Hraunshraun og Hólahólar. (2) Fjölbreytt og fagurt land með stöðuvötnum, stórum framhlaupum og sérkennilegum klettadröngum, Hraundrangar. (3) Landslagsvernd æskileg.
111. **Leyningshólar og Hólahólar**, Saurbæjarhr., Eyf. (1) Framhlaup norðan mynnis Villingsdals í innanverðum Eyjafirði. (2) Mikið framhlaupasvæði með tjörnum og stöðuvötnum. Skógarleifar. Fornminjar. Vinsælt útivistarsvæði. (3) Landslags- og gróðurvernd æskileg.
112. **Hólmarnir**, Akureyri, Öngulsstaðahr., Eyf. (1) Óshólmar Eyjafjarðarár og flæðimýrar sitt hvoru megin árinna suður á móts við suðurodda Staðareyjar. (2) Marflöt flæðilönd, árhólmar, kvíslar og leirur. Mikið fuglalíf. (3) Friðlýsing æskileg.

113. **Glerárgil**, Akureyri, Glæsibæjarhr., Eyf. (1) Árgil Glerár frá stíflu Glerárvirkjunar upp á móts við Hlífá á Glerárdal. Gróðurrikt gil, skógarlundir, fjölbreyttar árrofsmyndanir, fossar, skessukatlar og skútar. Söguminjar. (3) Landslags- og gróðurvernd æskileg.
114. **Skípalón**, Glæsibæjarhr., Arnarneshr., Eyf. (1) Mýri og tjörn við Skípalón, ósasvæði Hörgár ásamt Gáseyri. (2) Flæðimýrar og strandgróður. Mikið fuglalíf. Rústir forns verslunarstaðar. (3) Forðast ber röskun á lífríki og fornminjum.
115. **Skaginn milli Eyjafjarðar og Skjálfanda**, S.-Þing. (1) Látraströnd, Í Fjörðum, Flat-eyjardalur og Náttfaravíkur. Suðurmörk hugsast dregin um Kaldbak, Leirdalsöxl, Blámannshatt, Skessuskálarfjall og Bakranga. (2) Mjög fjölbreytilegt landslag og ríkulegur gróður. (3) Stofnun friðlands æskileg, einkum vegna útivistar og náttúru-skoðunar.
116. **Ljósavatn og umhverfi**, Ljósavatnshr., S.-Þing. (1) Ljósavatn ásamt fjallshlíðum sitt hvoru megin, milli Merkjárgils og Kross að austan, en Kambs og Geitár að vestan. (2) Fjölbreytt landslag; stöðuvatn, stórt framhlaup, jökulurðarhólar, hraun og skógur. (3) Landslags- og gróðurvernd æskileg.
117. **Þingey og umhverfi**, Ljósavatnshr., Reykdælahr., S.-Þing. (1) Þingey og nálægar eyjar í Skjálfandafljóti, eyrar og bakkar fljótsins norður að Vaðsvæði, austurhlíðar Kinnar-fells og vesturhlíðar Fljótsheiðar við Þingey og ofangreindar eyjar. (2) Óbyggður skógivaxinn dalur. Fallegir fossar og gljúfur, og gróðurrikar eyjar. Söguhelgi. (3) Landslags- og gróðurvernd æskileg.
118. **Goðafoss**, Ljósavatnshr., S.-Þing. (1) Fossinn og gljúfrið þar neðan við, svo og næsta nágrenni. (2) Goðafoss er einn fegursti foss landsins. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
119. **Ingvararfoss, Aldeyjarfoss, Hrafnabjargafoss**, Bárðdælahr., S.-Þing. (1) Fossasyrpa í Skjálfandafljóti og umhverfi. (2) Sérkennilegir og fagrir fossar nærri fjölfarinni leið. (3) Friðlýsing æskileg.
120. **Varastaðaskógur**, Reykdælahr., S.-Þing. (1) Skógur í landi Ljósstaða í Laxárdal. (2) Fallegur birkiskógur nokkru fyrir innan bæinn. (3) Svæðið er að hluta friðlýst, skv. lögum um vernd Mývatns og Laxár og er æskilegt að skógurinn verði allur friðlýstur.
121. **Halldórsstaðir**, Reykdælahr., S.-Þing. (1) Jörðin Halldórsstaðir I í Laxárdal. (2) Fjölbreytt, lítt raskað landslag neðan frá Laxá og upp í heiði. (3) Stefnt er að friðun, m. a. í þágu rannsókna.
122. **Gervigígabyrpingar í Aðaldal**, Aðaldælahr., S.-Þing. (1) Gjallgígar og borgir í miðjum Aðaldal við bæina Haga, Nes, Haftralæk, Garð, Jarlstaði, Tjörn og Knútsstaði. (2) Fjölbreyttar gervigígamyndanir í Laxárhrauni yngra. (3) Knútsstaðaborgir friðlýsist sem náttúruvætti og annars staðar þarf að binda efnistöku við ákveðna staði.
123. **Votlendi á Sandi og Sílalæk**, Aðaldælahr., S.-Þing. (1) Miklavatn í Aðaldal og mýr-lendi umhverfis það milli Aðaldalshrauns, Sjávarsands og Skjálfandafljóts, í löndum Sands og Sílalækjar. (2) Stórt og gróðurmikið vatn og víðáttumikil flæðilönd með miklu fuglalífi. (3) Landslags- og gróðurvernd æskileg.

124. **Tjörneslögin**, Tjörneshr., S.-Þing. (1) Strandlengja og sjávarbakkar á vestanverðu Tjörnesi frá Köldukvísl norður og austur fyrir Breiðuvík. (2) Í sjávarbökkunum koma fram þykk setlög frá tertíer og ísöld. eru þar bæði skeljar og surtarbrandur. (3) Æskilegt er, að sem minnst verði hróflað við þessum jarðlögum.
125. **Voladalur**, Tjörneshr., S.-Þing. (1) Nesið milli Sandvíkur og Breiðuvíkur. (2) Lundabyggð og sérkennileg móbergshamraströnd. (3) Gera þarf ráðstafanir til verndar lundabyggðinni.
126. **Tungnafellsjökull og umhverfi**. (1) Jökullinn og svæðið umhverfis, með Nýjadal (Jökuldal), Tómasarhaga svo og jarðhitasvæði í Vonarskarði. (2) Fjölbreytilegt landslag með fögrum og sérstæðum gróðurvinjum. (3) Stofnun friðlands æskileg m. a. vegna útivistar og náttúruskoðunar.
127. **Laufrönd og Neðri-Botnar**, S.-Þing. (1) Gróðurlendi í vesturjaðri Ódáðahrauns. (2) Gróðursælt umhverfi lindavatna í 7—800 m y. s. (3) Gróðurvernd æskileg.
128. **Gæsavötn við Gæsaþnjúk**, S.-Þing. (1) Vötn við suðurjaðar Ódáðahrauns norðvestan Vatnajökuls og umhverfi þeirra. (2) Lindavötn og hálendisvín í um 920 m y. s. (3) Landslags- og gróðurvernd æskileg.
129. **Jökulsárgljúfur, austan ár**, Öxarfjarðarhr., N.-Þing. (1) Svæðið austan Jökulsár frá Dettifossi í suðri, og norður að brú við Ferjubakka, austurmörk um Litla-Byrgi, Kjalarárás, Saudafell og Rauðhól. (2) Fjölbreytt landslag og ríkulegur gróður. (3) Æskilegt að þetta landsvæði verði hluti af þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum.
130. **Votlendi við Öxarfjörð**, Kelduneshr., N.-Þing. (1) Lón, Víkingavatn, Arnarneslón, Litlaá (Stóra), Skógakill og Skógalón, ásamt nálægum mýrum. (2) Sjávarlón og gróðurmikil grunn vötn. Starengjar, keldur og þornaðir árfarvegir. Mikið fuglalíf. (3) Vernd landslags og lífríkis æskileg.
131. **Röndin við Kópasker**, Presthólahr., N.-Þing. (1) Sjávarbakkar frá Kópaskeri suður að Snartarstaðalæk. (2) Jarðmyndun frá lokum ísaldar (Kópaskersskeið), sjávarset með skeljum og jökulruðningur. Minjar um hopunarsögu ísaldarjökulsins. (3) Forðast ber röskun á jarðmyndunum.
132. **Kverkfjöll — Krepputunga**, N.-Múl. (1) Kverkfjöll, Kverkfjallarani og Krepputunga. Svæðið milli Jökulsár á Fjöllum og Kreppu og suður í Vatnajökul. (2) Stórbrotið landslag með virkum eldstöðvum og fjölbreytilegum jarðmyndunum. Jarðhitasvæði í Hveradal og Hveragili. Íshellir í sporði Kverkjökuls. Kjöríð land til útivistar og náttúruskoðunar. (3) Friðlýsing í undirbúningi til viðbótar friðlandi í Hvannalindum.
133. **Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjall**, Skeggjastaðahr., N.-Múl. (1) Jörðin Gunnólfsvík. (2) Mjög athyglisvert svæði með tilliti til gróðurfars. (3) Landslagsvernd æskileg.
134. **Fuglabjarganes**, Vopnafjarðarhr., N.-Múl. (1) Strönd Fuglabjarganess í Vopnafirði. Nær frá Litlutá í norðri að Hámundarstöðum í suðri. (2) Fögur og fjölbreytt strönd. Mikið fuglalíf. (3) Vernd landslags- og lífríkis æskileg.

135. **Nípslón og Skógalón**, Vopnafjarðarhr., N.-Múl. (1) Leirur og grunnsævi í Nípslóni og Skógalóni inn af Nípsfirði. (2) Grunn, sölt lón. Mikið dýralíf við sérstæð skilyrði, einkum í Skógalóni. (3) Æskilegt er að vernda lónin í núverandi mynd og forðast aðgerðir, er hefta kynnu vatnsskipti milli Skógalóns og sjávar.
136. **Skaginn milli Vopnafjarðar og Héraðsflóa**, Vopnafjarðarhr., Hlíðarhr., N.-Múl. (1) Skaginn utan við Búr, Hellisheiði og Hellisá frá og með Fagradal og Landsenda, Bjarnarey. (2) Fagurt fjallendi með dalverpum og litríkri strönd. Gróður með útnesjasvip. Í Bjarnarey dvaldi um skeið Jón Guðmundsson lærði. (3) Landslagsvernd æskileg.
137. **Stuðlafoss**, Jökuldalshr., N.-Múl. (1) Stuðlafoss hjá samnefndum bæ á Jökuldal. (2) Sérlega fögur stuðlabergsumgjörð um fallegan foss. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
138. **Hafrahvammagljúfur**, Jökuldalshr., N.-Múl. (1) Gljúfur Jökulsár á Brú við Hafrahvamma frá Dysjará (Desjará) að Tröllagili og gljúfur Dysjarár upp fyrir foss. (2) Eitt hrikalegasta gljúfur landsins og gróðursælir hvammar meðfram því, Hafrahvamar, Drangahvamar og Glámshvamar með Magnahelli og Sauðárgígar. (3) Landslagsvernd æskileg.
139. **Eyjabakkar**, Fljótsdalshr., N.-Múl. (1) Upptakasvæði Jökulsár í Fljótsdal frá Eyjabakkafossi inn að Eyjabakkajökli. (2) Óvenjugrösugt votlendi í um 650 m hæð með fjölda tjarna á hölmum milli kvísla Jökulsár og beggja vegna árinna. Jökulgarðar með hraukum við Eyjafell. Svipmikið landslag við rætur Snæfells. (3) Vernd landslags og lífríkis æskileg.
140. **Ranaskógur og Gilsárgil**, Fljótsdalshr., N.-Múl. (1) Gilsárgil og Ranaskógur frá brekkurótum ofan við Gilsáreyri upp í mynni Gilsárdals. (2) Stórbrotið gljúfur og vöxtulegur skógur. (3) Friðlýsing æskileg, en hefðbundnar nytjar, svo sem hófleg beit, haldist óskertar.
141. **Hengifossárgljúfur**, Fljótsdalshr., N.-Múl. (1) Gljúfrið með Hengifossi og Litlanesfossi ásamt 50 m breiðri spildu meðfram því. Tilheyrir Melum og Hjarðarbóli. (2) Þriðji hæsti foss landsins. Sérstæð umgerð og setlög með plöntusteingervingum. Stuðlabergið við Litlanesfoss er óvenjufagurt. (3) Friðlýsing er í undirbúningi.
142. **Votlendi í Hjaltastaðapinghá**, Hjaltastaðahr., N.-Múl. (1) Flóar (blár), með vötnum og tjörnum fram með Selfljóti beggja vegna frá Hjaltastað og Bóndastöðum út að Klúku og Sandbrekku. Einnig tjarnaland austan við Gagnstöð sunnan Þjóðveggar og Nýjagras í landi Hólsbæja austan við ós Lagarfljóts. (2) Víðáttumikil votlendissvæði, marflatir og mjög blautir flóar með kílum og tjörnum, mikið til óframræst. Sendin gulstararengi. Svæðið er mikilvægt vegna gróðurfars og fuglalífs. (3) Friðlýsing er í undirbúningi.
143. **Hrafnabjörg**, Hjaltastaðahr., N.-Múl. (1) Eyðibýlið Hrafnabjörg ásamt Stóruvönd og Dyrum í Dyrfjöllum. (2) Stórbrotið framhlaup og fjölbreytt og sérstætt landslag fram með Selfljóti. (3) Æskilegt að landslagi verði ekki raskað.
144. **Loðmundarfjörður og Víkur**, Borgarfjarðarhr., N.-Múl. (1) Svæðið frá Hafnarbjargi norðan Brúnavíkur að Fjallshnaus sunnan Loðmundarfjarðar. Til landsins ráða vatnaskil. (2) Víðlendur og fjölbreytilegar eyðibýggðir með litríkum bergmyndunum (líparíti) og kjarnmiklum og fjölskrúðugum gróðri. (3) Landslagsvernd æskileg.

145. **Vestdalur og Vestdalseyri**, Seyðisfjarðarkaupstað. (1) Vestdalur ásamt Vestdalseyri frá Háubökkum að Innri-Grýtuá. (2) Grösugt dalverpi norðan undir Bjólfi og eyri með minjum um byggð. (3) Æskilegt útivistarsvæði fyrir Seyðisfjarðarkaupstað. Stofnun fólkvangs í athugun.
146. **Austdalur**, Seyðisfjarðarhr., N.-Múl. (1) Dalurinn beggja vegna Austdalsár, í landi eyðibýlisins Austdals, að vatnaskilum. (2) Grösugt dalverpi kringt háum fjöllum. Gott berjaland. (3) Verndun landslags og hlífð við gróður æskileg.
147. **Austanverður Eyvindarárdalur og Eyvindarárgil**, Egilsstaðahr., S.-Múl. (1) Eyvindarárgil ofan brúar á Úthéraðsvegi. Miðhúsa- og Dalhúsaskógur, ásamt Kálfhóli og Puríðarstöðum, inn að Slenju. (2) Fagurt gljúfur, vatnsmikil bergvatnsá, skóglendi og jökulgarðar. (3) Vernd landslags æskileg.
148. **Fjarðardalur**, Mjóafjarðarhr., S.-Múl. (1) Dalurinn inn af Fjarðarbýlum (í eyði) í botni Mjóafjarðar, að vatnaskilum á Mjóafjarðarheiði. (2) Gróðursæll dalbotn með fjölgresi, birkikjarr í norðurhlíðum. Hrikaleg blágrýtisfjöll á báðar hliðar. Fagrir fossar (Klifbrekkufossar) í Fjarðará. (3) Verndun landslags og gróðurs æskileg.
149. **Kirkjubólsteigur, Hólar og Tandрастаðir**, Norðfjarðarhr., S.-Múl. (1) Svæðið norðan Norðfjarðarár, frá Ytri-Máriánslæk (Maríulæk) inn að Fannardalsá og til fjallseggja. (2) Kjarrivaxnar hlíðar og mikið framhlaup, Hólahólar, með lífríku smátjörnum. (3) Gott land til útivistar. Verndun landslags æskileg svo og gróðurfriðun á hluta landsins.
150. **Þingmúli í Skriðdal**, Skriðdalshr., S.-Múl. (1) Lönd jarðanna Þingmúla og Múlasterkks milli Múlaár og Geitdalsár frá jarðamörkum við Birkihlíð og Hátún að innan, út að ármótum. (2) Fjölbreyttar jarðmyndanir, framhlaup og steingervingar. Þjóðminjar sumpart friðlýstar innan túns í Þingmúla. (3) Vernd landslags æskileg.
151. **Vatnsskógar, Skriðuvatn og Haugahólar**, Skriðdalshr., S.-Múl. (1) Skriðuvatn og umhverfi þess, í landi Vatnsskóga og Hauga. (2) Stórbrotið framhlaup, lífríkt vatn með gróðursælu umhverfi. (3) Landslags- og gróðurvernd æskileg.
152. **Skrúður**, Fáskrúðsfjarðarhr., S.-Múl. (1) Eyjan er í landi Vattarness. (2) Klettaeyja með kjarnmiklum gróðri og miklu fuglalífi. (3) Vernd landslags og lífríkis æskileg.
153. **Sandfell í Fáskrúðsfirði**, Fáskrúðsfjarðarhr., S.-Múl. (1) Sandfell í landi Víkurgerðis með næsta umhverfi. (2) Afar sérstæður líparíteitill, sem er hluti af hinni fornu Reyðarfjarðareldstöð. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
154. **Blábjörg við Beruffjörð**, Beruneshr., S.-Múl. (1) Klettur við sjó í landi Fagrahvamms, ásamt tanganum Haga og Gatkletti við hann, og tveimur hölmum utar, Stórhólma og Kálhólma. (2) Blábjörg eru hluti af sérkennilegu flikruberagslagi og mynda með tanga og hölmum fallega heild. (3) Friðlýsing æskileg.
155. **Hálsar og Hálsarætur** við Djúpavog, Búlandshr., S.-Múl. (1) Hálsar og svæðið ofan þjóðveggar frá Kambshjáleigu út fyrir Rakkaberg og inn með að norðan á mótis við Nautalág. (2) Fjölbreytilegt landslag með sérkennilegum kömbum (berggöngum) skógarreit og góðum gróðurskilyrðum mót suðri. (3) Fyrirhugað útivistarsvæði í nágrenni Djúpavogs. Gróðurvernd æskileg.

156. **Papey**, Búlandshr., S.-Múl. (1) Papey og úteyjar. (2) Stór, vel gróin eyja með fjölbreyttu landslagi og miklu fuglalífi. (3) Friðlýsing æskileg.
157. **Álftafjörður**, Geithellnahr., S.-Múl. (1) Syðri hluti Álftafjarðar sunnan Brimilsness. (2) Víðáttumiklar ísaltar leirur með einstæðum gróðri. (3) Forðast ber röskun á lífríki.
158. **Hofsdalur og Tunga (Hofstunga)**, Geithellnahr., S.-Múl. (1) Hofsdalur innan við Eyðikinnargil og Flugustaðadalur norðan Hofsár syðri (Suðurár). Að vestan og norðan ráða vatnaskil. (2) Gróðursælir dalir með vöxtulegu kjarri og skógarteigum kringdir litríkum og háum fjöllum. Margir snotrir fossar, einkum í Hofsá og tvö vötn inn undir Hofsjökli. (3) Vernd landslags og hlífð við skóglendi æskileg.
159. **Hvalnes**, Bæjarhr., A.-Skaft. (1) Jörðin Hvalnes í Lóni. (2) Sérkennilegt og fagurt landslag með hömrum úr djúpbergi. (3) Landslagsvernd æskileg.
160. **Lónsfjörður**, A.-Skaft. (1) Fjörðurinn og strandlengjan við hann, svo og Fen við Hraunkot. (2) Grunnur fjörður með þroskamiklum og sérstæðum botngróðri, sjávarfitjar og mýrlendi með tjörnum. Þýðingarmikill viðkomustaður farfugla. (3) Æskilegt er, að svæðið fái að haldast í núverandi mynd.
161. **Þórisdalur**, Bæjarhr., A.-Skaft. (1) Land jarðarinnar Þórisdals í Lóni, vestan Þjóðvegjar milli Laxár, Jökulsár og Skyndidalsár. (2) Fjölbreytt og litríkt landslag. Skóglendi (Dalsskógur) í norðanverðum Laxárdal. (3) Friðlýsing æskileg vegna útivistar og tengsla við friðlandið á Lónsöræfum.
162. **Laxárdalur**, Nesjahr., A.-Skaft. (1) Laxárdalur að meðtöldum malarkambi í dalsmynninu, að öðru leyti ráða vatnaskil til Laxár. (2) Dalur með fjölbreyttum og litríkum jarðmyndunum, mýrlendi og tveimur vötnum. Talsvert fuglalíf. (3) Friðlýsing æskileg.
163. **Skarðsfjörður**, A.-Skaft. (1) Fjörur og grunnsævi í Skarðsfirði öllum. (2) Lífaudugar leirur og grunnsævi með miklu fuglalífi. (3) Æskilegt er að halda svæðinu í núverandi mynd.
164. **Álaugareyjarþúfa**, Hafnarhr., A.-Skaft. (1) Kletthöfði, gróinn hið efra, í Álaugarey við höfnina á Höfn. (2) Sunnan í höfðanum er gangur (eldrás), sem virðist tengjast hraunlagi í kalli höfðans. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
165. **Ósland**, Hafnarhr., A.-Skaft. (1) Vesturhluti samnefnds tanga inn af Hornafjarðarósi. (2) Höfði sunnan hans og tjörn með votlendiskraga og fuglalífi. Á tanganum finnast för eftir trjáboli. (3) Stefnt er að friðlýsingu innan ramma skipulags Hafnar.
166. **Baulutjörn**, Mýrahr., A.-Skaft. (1) Baulutjörn á Mýrum, Hornafirði, ásamt nánasta umhverfi. (2) Óvenju lífrík tjörn í votlendi. Mikið fuglalíf. (3) Æskilegt að lífríki fái að haldast í núverandi mynd.
167. **Viðborðsdalur**, Mýrahr., A.-Skaft. (1) Dalurinn norðaustan undir Viðborðsfjalli og Sandmerkisheiði frá Selhvammi að jökli, svo og Jökulfell austan dalsins. (2) Stórbotið landslag með kjarrlendi. Jarðhitavottur í Vandræðatungum. (3) Landslagsvernd æskileg.

168. **Steinadalur og Staðarfjall**, Borgarhafnarhr., A.-Skaft. (1) Steinadalur, Hvannadalur og Kálfafellsdalur vestan Steinavatna með aðliggjandi fjallendi. (2) Stórbrotið landslag með háum fjöllum (Pverártindsegg), hrikalegu gljúfri (Klukkugili) og kjarri á Steinadal og í Staðarfjalli. (3) Vernd landslags og gróðurs æskileg.
169. **Breiðamerkursandur**, Borgarhafnarhr., Hofshr., A.-Skaft. (1) Sandurinn milli Kvíár og Fellsár, frá Breiðamerkurjökli til ystu fjörumarka. Tilheyrir Felli, Breiðá, Fjalli og Kvískerjum. (2) Jökulsáraurar og ýmsar jökulminjar á svæði sem nýlega varð jökulvana. Mikið skúmsvarp, en einnig er mikið um aðra fugla, og sel við fjörur. (3) Friðlýsing æskileg.
170. **Hamrar milli Gljúfursár og Hnappavalla**, Hofshr., A.-Skaft. (1) Hamrabelti ofan flugvallar við Fagurhólmýri og austur undir Hnappavelli. (2) Sérkennilegir blágrýtishamrar með grónum syllum. (3) Landslagsvernd æskileg.
171. **Stóralda**, Hofshr., A.-Skaft. (1) Aldan sjálf, svo og næsta umhverfi hennar. (2) Forn, algróin jökulalda framan við Svínafellsjökul. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
172. **Svínafellslögin**, Hofshr., A.-Skaft. (1) Setlög með blaðföllum neðarlega í vestanverðu Svínafellsfjalli. (2) Sandsteinslög frá hlýskeiði á ísöld með blaðföllum margra tegunda. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
173. **Núpsstaðarskógur og Grænalón**, Hörgslandshr., V.-Skaft. (1) Svæði milli Skeiðarárjökuls og Núpsár frá Skeiðarársandi norður í Grænafjall. (2) Sérstætt svæði um náttúrufar og fegurð. (3) Æskilegt er að friðlýsa þetta svæði og tengja þjóðgarðinum í Skaftafelli.
174. **Dverghamrar**, Hörgslandshr., V.-Skaft. (1) Hamrarnir og nágrenni þeirra í landi Foss. (2) Mjög sérkennilegir stuðlabergshamrar. Fornt brimklif. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
175. **Kirkjugólf**, Kirkjubæjarhr., V.-Skaft. (1) Kirkjugólfið við Kirkjubæjarklaustur og næsta nágrenni þess. (2) Sérkennilegur sléttur stuðlabergsfláki í túni. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
176. **Fjaðrárgljúfur**, Kirkjubæjarhr., V.-Skaft. (1) Gljúfrið og nánasta umhverfi. (2) Tilkomumikið gljúfur með háum og fallegum slæðufossi. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
177. **Steinsmýrarflóð**, Leiðvallahr., V.-Skaft. (1) Krókssef og votlendi við Steinsmýri, Fljótakrök og Fljóta, ásamt jaðri Eldhrauns. (2) Gulstararflóð og grunnt stöðuvatn. Mikið fuglalíf, m. a. aðalvarpstöðvar keldusvíns hérlendis. (3) Friðlýsing æskileg.
178. **Syðsti hluti Reynisfjalls, Reynisdrangar og Hellnaskagi**, Hvammsshr., V.-Skaft. (1) Reynisfjall upp að efstu brúnum, uppyfir bænum Garðar að vestan, suður fyrir fjallið að Króktorfuhaus, ásamt Reynisdröngum og Hellnaskaga. (2) Fjölbreyttar stuðlabergsmyndanir, hellisskútar og gróskumiklar hlíðar. Á Hellnaskaga eru gamlar bæjarrústir og hellir Jóns Steingrímssonar. Mikið fuglalíf. (3) Vernd landslags- og lífríkis æskileg.

179. **Skammadalskambar í Mýrdal**, Hvammshr., V.-Skaft. (1) Efri hluti Skammadalskamba og Sjónaröxl, upp af bæjunum Skammadal og Skammadalshól, þar sem skeljaleifar er að finna. (2) Fornar sæskeljar og kuðungar í setbrotum (hnyðlingum) á dreif um móbergið. (3) Forðast ber röskun á jarðmyndunum og brottflutning steingervinga.
180. **Eyjarhóll**, Dyrhólahr., V.-Skaft. (1) Eyjarhóll og um 200 m breið jarðsilsbrekka norður af hólum í Pétursey. (2) Stakur Keilulaga blágrýtishóll. Í suðurhlíð Péturseyjar er afar sérstætt stallalandslag vegna jarðsils (solifluction). (3) Landslagsvernd æskileg.
181. **Eldgjá**, V.-Skaft. (1) Norðurhluti Eldgjár á Skaftártunguafrétti milli Gjátinds og Móraudavatnshnjúka. (2) Hluti af um 40 km langri gossprungu, sem vitnar um stórkostleg eldsumbrot. Landslag hrikafagurt og fjölbreytilegt, og er þar mörg merkileg náttúrusmíð. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
182. **Kvernugil**, A.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Gilið og nánasta umhverfi. (2) Gljúfur með fögnum fossi, Kvernufossi. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
183. **Skógafoss**, A.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Fossinn og næsta nágrenni hans. Er í landi Skóga. (2) Fossinn, sem er um 60 m hár, er meðal fegurstu fossa landsins. (3) Friðlýsing er í undirbúningi.
184. **Drangurinn í Drangshlíð**, A.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Drangurinn og nánasta umhverfi, í landi Drangshlíðar undir Eyjafjöllum. (2) Sérkennilegur móbergsdrangur, setur mikinn svip á umhverfið. Fjánhús og hlaða eru byggð inn í dranginn og er æskilegt að hús þessi komist undir vernd Þjóðminjasafns. (3) Friðlýsing æskileg.
185. **Seljalandsfoss og Gljúfrabúi**, V.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Fossarnir tveir, svo og næsta umhverfi þeirra. (2) Fallegir fossar, sem setja mikinn svip á landslagið. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
186. **Litli- og Stóri-Dímon**, V.-Eyjafjallahr., Rang. (1) Höfðarnir Litli- og Stóri-Dímon í landi Eyvindarkots. (2) Stakir móbergshöfðar, svipmiklir landslagspættir. (3) Landslagsvernd æskileg.
187. **Þórsmörk**, Rang. (1) Þórsmörk, almenningar og afréttirnir sunnan Krossár, vestur að Jökultungum. (2) Vinsælt útivistarsvæði. Fjölbreytt og fagurt landslag. Skóglendi í skjóli jökla. (3) Friðlýsing æskileg.
188. **Bleiksárgljúfur**, Fljótshlíðarhr., Rang. (1) Gljúfrið ásamt fossum og nánasta umhverfi. (2) Þröngt og djúpt gljúfur. Skógur í gljúfurbrúnum og fjölbreyttur gróður. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
189. **Merkjáfoss (Gluggafoss)**, Fljótshlíðarhr., Rang. (1) Merkjáfoss í Merkjá rétt vestan við Múlakot, ásamt nánasta umhverfi. (2) Hár og fríður foss í fögru umhverfi. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
190. **Skúmsstaðavatn**, V.-Landeyjahr., Rang. (1) Skúmsstaðavatn, votlendi sunnan þess og vestan, ofan Rangársands milli Grímsstaða og Klaufar, Kuggavatn. (2) Gróðurmikið stöðuvatn, tjarnir og stararflóð. Mikið fuglalíf. (3) Æskilegt er, að landslag og lífríki fái að haldast í núverandi mynd.

191. **Oddaflóð**, Rangárvallahr., Rang. (1) Oddaflóð norður undir Selalæk, Hólmaflóð, Eyrartjörn og nálægar mýrar, Bakkar og Oddaeyrar. (2) Votlendi með einstæðu gróðurfari og miklu og fjölbreyttu fuglalífi. (3) Friðlýsing er í undirbúningi.
192. **Safamýri**, Ásahr., Djúpárhr., Rang. (1) Frakkavatn, Kringlutjörn, Kálflækur og nálæg votlendi. (2) Gróðurmikil vötn, mýrlendi. Mikilvægur viðkomustaður farfugla. (3) Landslagsvernd og alfriðun fugla æskileg.
193. **Veiðivötn**, Rang. (1) Veiðivötn og umhverfi þeirra, milli Vatnaalda og Snjóöldufjallgarðs suður að Tungnaá og norður að Svartakambi. (2) Fagurt og sérkennilegt landslag með fjölskrúðugu lífríki á hálendi. Vinsælt útivistarsvæði. (3) Friðlýsing æskileg.
194. **Kerlingarfjöll**, Árn. (1) Fjallaklasi á afrétti Biskupstungnamanna. (2) Stórbrotið landslag og mikill jarðhiti. Svæðið er vinsælt til skíðaiðkana og gönguferða. (3) Landslagsvernd æskileg.
195. **Fossar í Þjorsárdal**, Gnúpverjahr., Árn. (1) Hjálparfoss, Gjáfoss, Háifoss og Granni, ásamt nánasta umhverfi þeirra. (2) Háifoss með Granna er talinn næsthæsti foss landsins. Hjálparfoss og Gjáfoss eru fagrir fossar á vinsælu útivistarsvæði. (3) Friðlýsing er sem náttúruvætti.
196. **Helgafell og Eldfell**, Vestmannaeyjum. (1) Eldfjöllin bæði, hluti af nýja hrauninu og „Flakkarinn“ við Skans. (2) Stórfenglegt landslag og fræðandi um myndun og mótun lands. (3) Landslagsvernd æskileg.
197. **Pollengi**, Biskupstungnahr., Árn. (1) Pollengi allt norður og austur undir Krók og Galtalæk. Tunguey og Hrosshagavík. (2) Margvísleg votlendi með fjölbreyttu gróðurfari og miklu fuglalífi. (3) Svæðið er svo til ósnortið, og er æskilegt að svo verði áfram.
198. **Brúarhlöð**, Hrunamannahr., og Biskupstungnahr., Árn. (1) Árgljúfur Hvítár frá Brúarhlöðum upp að Ármótum (Hvítá — Fossá), ásamt um 200 m belti beggja vegna árinna. (2) Tilkomumikið gljúfur með kjarri- og skógi vöxnum bökkum. (3) Forðast ber röskun á gróðri og jarðmyndunum.
199. **Austurbakki Hvítárgljúfurs**, Biskupstungnahr., Árn. (1) Austurbakki Hvítárgljúfurs, ásamt um 1 km breiðri spildu austur af því, frá Þorsteinshöfða að Háöldu við Tungufell. (2) Fjölbreytt landslag með skóglendi í umsjá Landgræðslu ríkisins. (3) Æskilegt að svæðið verði hluti af friðlandinu við Gullfoss.
200. **Þjófadalur og Jökulkrókur**, Biskupstungnahr., Árn. (1) Þjófadalur, ásamt jökulvana landi vestur að Langjökli. Að norðanverðu liggja mörkin um Rauðkoll og Þröskuld, jaðar Kjalhrauns að austanverðu og Innra- og Fremra-Sandfell að sunnanverðu. (2) Grösug dalverpi í yfir 600 m y. s. Stórskorið og sérkennilegt landslag í nánd við jökul. (3) Landslags- og gróðurvernd æskileg.
201. **Laugarvatn**, Laugardalshr., Árn. (1) Vatnið, bakkar þess, mýrlendi við Djúpárós og fenjasvæði norðaustanvert við vatnið. (2) Stöðuvatn og votlendi umhverfis það, að einhverju leyti undir áhrifum frá jarðhita. Gróskumikill gróður og fundarstaður sjaldgæfra jurta. (3) Vernd landslags og lífríkis æskileg.

202. **Tintron**, Laugardalshr., Árn. (1) Tintron í Reyðarbarmshrauni sunnan við Stóra-Dímon. (2) Um 20 m djúpur hraunketill. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
203. **Kerið**, Grímsneshr., Árn. (1) Gígurinn og umhverfi hans. (2) Formfagur sprengigígur í gjallgígabyrpingu, við þjóðbraut. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
204. **Bæjarvatn**, Gaulverjabæjarhr., Árn. (1) Bæjarvatn í landi Gaulverjabæjar í Flóa, ásamt bökkum. (2) Grunnt stöðuvatn. Fundarstaður fágætrar vatnajurtar. (3) Vernd lífríkis æskileg.
205. **Hraunbollar**, Selfossi, Árn. (1) Bollar í Þjórsárhrauni við eystri sporð Ölfusárbrúar. (2) Sérkennilegir hraunbollar, sem vakið hafa athygli jarðfræðinga. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
206. **Fjörur við Eyrarbakka og Stokkseyri**, Eyrarbyggð, Stokkseyrarhr., Árn. (1) Strandlengjan frá Ölfusárósi austur að Baugstaðasíki. Fjörur og 100 m breið landspilda ofan flóðmarka. (2) Mikið líf og fjölskrúðugt. Svæðið er vinsælt til útivistar og náttúruskoðunar. (3) Landslagsvernd æskileg.
207. **Hraun**, Eyrarbyggð, Árn. (1) Spilda austan Gamla-Hrauns milli vegar og stórstraumsfjörumarka austur að Skerflóðsösi. (2) Helsti varpstaður þórshana hér á landi, fjölskrúðug fjara, fitjar og mýrlendi. Fundarstaður fágætrar plöntutegundar. (3) Friðlýsing í undirbúningi.
208. **Grýla (Grýta)**, Ölfusi, Árn. (1) Hverinn Grýla í Hveragerði og nánasta umhverfi hans. (2) Einn af fáum goshverum á landinu. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
209. **Ölfusforir**, Ölfushr., Árn. (1) Ölfusforir, austan flotgröfuskurðar og vestan vestustu kvíslar Ölfusár og Gljúfurár, suður að Hrauni og norður að Vatnatjörn og Opnum. Porleifslækur og Varmá. (2) Viðáttumiklar, blautar engjar með miklu og fjölskrúðugu fuglalífi. (3) Friðlýsing er í undirbúningi.
210. **Fjörumörk við Hjalla**, Ölfushr., Árn. (1) Malarkambur suðvestur af Hjalla í Ölfusi. (2) Minjar um sjávarstöðubreytingar í lok ísaldar, hnellingafjara í um 55 m y. s. (3) Svæðið hefur látið á sjá vegna efnistöku, forðast ber frekari röskun.
211. **Raufarhólshellir**, Ölfushr., Árn. (1) Raufarhólshellir í Leitahrauni á Hellisheiði. (2) Langur hraunhellir. (3) Nokkur hætta steðjar að hellinum, þar sem þjóðvegurinn er ofan á honum á kafla. Friðlýsist sem náttúruvætti.
212. **Eldborg undir Meitlum**, Ölfushr., Árn. (1) Gígurinn og næsta nágrenni hans. (2) Stór gjallgígur í hinu svokallaða Kristnitökuhrauni. Að heita má ósnortinn, en rask hefur átt sér stað í næsta nágrenni. (3) Forðast ber hverskonar spjöll.
213. **Hengilssvæðið**, Ölfushr., Grafningshr., Árn. (1) Grænsdalur, Reykjadalur, Hengladalur og aðliggjandi svæði norðan Hveragerðis, sunnan og austan í Hengli. (2) Stórbrotið landslag og fjölbreytt að jarðfræðilegri gerð. (3) Stofnun fólkvangs (Dalafólkvangs) er í undirbúningi.

214. **Eldborgir við Lambafell**, Ölfushr., Árn. (1) Eldvörpin, hrauntraðir frá þeim og næsta nágrenni. (2) Formfagar eldstöðvar og tvær hrauntraðir. (3) Friðlýsist sem náttúruvætti.
215. **Herdísarvík og Stakkavík**, Selvogshr., Árn. (1) Jarðirnar Herdísarvík og Stakkavík. (2) Á svæðinu er að finna öll helstu lífsamfélög Reykjanesskaga. (3) Friðun æskileg.

Auglýsing þessi er hér með birt þeim, sem hlut eiga að máli, og er þar með felld úr gildi náttúruminjaskrá, dags. 21. apríl 1978.

*Menntamálaráðuneytið, 27. febrúar 1982.*

**Ingvar Gíslason.**

*Knútur Hallsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á skipulagsuppdrætti í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt skipulagslögum hefur ráðuneytið hinn 18. febrúar 1982 staðfest skipulagsuppdrátt af bæjarhverfinu milli Hraunhamars, Búhamars, Áshamars og Foldahrauns í Vestmannaeyjum.

Uppdráttur þessi hefur fengið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Vestmannaeyja og skipulagsstjórn ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. febrúar 1982.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum skulu hækka um 7.51% frá og með 1. mars 1982 frá því sem þær voru 1. desember 1981.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. febrúar 1982*

**Svavar Gestsson.**

*Páll Sigurðsson.*